

Sp.

199. Þingsályktun

um vöru- og farþegaflutninga með ströndum fram og flugleiðis.

(Afgreidd frá Sp. 3. sept.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afla sér, eftir því sem tiltækilegt er, þess skipastóls, sem þörf er á til þess að annast vöru- og fólksflutninga með ströndum fram. Jafnframt beinir Alþingi því til ríkisstjórnarinnar að afla sér sérstakrar lagaheimildar til þess að leysa þetta mál, ef eigi er unnt að leysa það á fullnægjandi hátt eða nógu skjótt með öðru móti.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að athuga möguleika á auknum farþega- og fólksflutningi flugleiðis til þeirra landshluta, sem við erfiðust skilyrði búa í þessum efnum. Leiti ríkisstjórnin um það samvinnu við Flugfélag Íslands.